

Mál nr. 373/2019**M og
V vegna málskostnaðartryggingar fjölskyldutryggingar.****Túlkun á undanþáguákvæði váttryggingarskilmála vegna ágreinings í dómsmáli.****Gögn.**

Málskot mótttekið 28. október 2019, ásamt fylgigögnum.

Athugasemdir V dags. 12. nóvember 2019, ásamt gögnum.

Stefna og skrá yfir framlögð skjöl, lagt fram í Héraðsdómi Reykjavíkur 5. nóvember 2019.

Málsatvik.

Í málskoti og málgögnum kemur fram að M hafi höfðað mál gegn Reykjavíkurborg vegna barnaverndarnefndar Reykjavíkur og nafngreindum einstaklingi vegna kröfu um að ákvörðun barnaverndarnefndarinnar, sem staðfest var með úrskurði úrskurðarnefndar velferðarmála í mars sl., þar sem fjallað er um rétt til umgengni við fösturson M. Ágreiningur hefur verið um rétt þess nafngreinda einstaklings um umgengni við dreng sem M tóku í föstur í byrjun árs 2014, þegar hann var kornabarn.

M telur að dómsmálið sem þau hafa höfðað sé til þess fallið að fá fellda úr gildi ákvörðun stjórnvalds og eigi því ekki undir undanþáguákvæði sem V hefur borið fyrir sig í gr. 18.4 í váttryggingarskilmálum V þar sem komi fram að váttryggingin bæti ekki málskostnað í málum „...sem varða hjónaskilnað eða mál sem upp kunna að koma í sambandi við hjónaskilnað. Sama gildir um mál vegna sambúðarslita og önur mál sem varða ágreining um forræði barna, umgengnisrétt og faðernismál.“ M telur að horfa verið til orðalags ákvæðisins í heild og það bendi til þess að undanþágan eigi eingöngu við um mál sem koma upp varðandi deilur fyrrverandi hjóna, sambúðafólks eða rekkjunauta um forræði, umgengni eða faðerni. Einnig vitna M í fræðirit um barnarétt þar sem vísað er til umgengnisréttar með þeim hætti að þar sé einungis átt við rétt blóðforeldra til umgengni við barn sitt. M vísa til þess að vafa í orðalagi váttryggingarskilmála verði að túlka M í hag.

V telur að undanþáguákvæði í gr. 18.4 í váttryggingarskilmálum V eigi við um ágreining M í dómsmáli því sem hefur nú verið höfðað. Þar sé ágreiningur um umgengnisrétt móðurömmu barns við barnið og ágreiningur málsins varði því umgengnisrétt, sem sé skýrlega undanskilinn greiðsluskyldu með undanþáguákvæði í fyrrnefndu undanþáguákvæði váttryggingarskilmálanna.

Álit.

Í málsögnum liggur fyrir að höfðað hefur verið mál sem varðar efnislega ágreining um umgengnisrétt einstaklings úr blóðfjölskyldu barns, við barnið, en það er í varanlegu föstri hjá M. Í 46. gr. a. í barnalögum nr. 76/2003 er fjallað um rétt á umgengni náinna vandamanna foreldris sem er ókleift að rækja umgengnis skyldur sínar við barn um umgengni við barnið. Það er því ljóst að ákvæði barnalaga fjalla ekki eingöngu um rétt foreldra til umgengni við börn sín heldur einnig eftir atvikum náinna vandamanna. Ágreiningur um umgengnisrétt við börn getur því komið upp í fleiri tilvikum en svo að hann tengist ágreiningi um hjónaskilnað eða sambúðarslit tveggja einstaklinga eða einungis ágreining milli fyrrverandi rekkjunauta.

Þegar litið er til ákvæðis gr. 18.4 í váttryggingarskilmálum verður að skilja það ákvæði þannig að allur ágreiningur varðandi umgengnisrétt sé undanskilinn rétti til greiðslu bóta úr málskostnaðartryggingu og sé orðalag ákvæðisins ekki sett fram með villandi hætti, þannig að það megi skilja að það nái eingöngu til ágreinings um umgengni milli kynforeldra barns.

Þó hluti af kröfum aðila lúti að því að fá úr gildi felldan úrskurð stjórnvalds verður ekki litið framhjá því að ágreiningurinn fjallar efnislega um umgengnisrétt og á undanþáguákvæði gr. 18.4 í váttryggingarskilmálum því við. M eiga því ekki rétt á bótum úr málskostnaðartryggingu sinni hjá V.

Niðurstaða.

M eiga ekki rétt á bótum úr málskostnaðartryggingu fjölskyldutryggingar hjá V.

Reykjavík, 17. desember 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.